

Nr. 2/2024-2025

## Nefndarálit og þingsályktun um fjárhagsáætlun Þjóðkirkjunnar fyrir árið 2025.

Fjárhagsnefnd hefur fjallað um málið. Fjárhagsnefnd fagnar þeim árangri sem náðst hefur í fjármálum á síðustu þrem árum sem stafar af rekstarhagræði síðastliðinna ára. Fjárhagsnefnd þakkar starfsfólki Þjóðkirkjunnar fyrir þeirra störf og það aðhald sem þau hafa sýnt við reksturinn. Fjárhagsnefnd tekur undir mikilvægi þess að fjárhagsáætlun taki mið af áherslum biskups Íslands fyrir árið 2025. Fjárhagsnefnd telur mikilvægt að Skálholt og Skjólíð verði sérstakir liðir í fjárhagsáætlun, með það að markmiði að tryggja betri sýn yfir reksturinn í heild. Í því samhengi telur nefndin nauðsynlegt að endurskoða fyrirkomulag við úthlutanir úr sjóðum kirkjunnar. Fjárhagsnefnd telur mikilvægt að gerð verði verkefnatengd fjárhagsáætlun til þriggja til fimm ára og hugað verði að fjárfestingastefnu Þjóðkirkjunnar.

### Þ i n g s á l y k t u n:

Kirkjuþing 2024-2025 samþykkir fjárhagsáætlun Þjóðkirkjunnar fyrir árið 2025 eins og hún birtist á þskj. 2a.

*Samþykkt á kirkjuþingi 29. október 2024 og birt á opnum vef kirkjunnar sama dag.*

Drífa Hjartardóttir, forseti kirkjuþings.